

**Sp.**

**476. Fyrirspurn**

[295. mál]

til félagsmálaráðherra um lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver verður fjöldi nýbyggingarlána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna eftir þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skerða ráðstöfunarfé sjóðanna til nýbyggingarlána um 150—200 milljónir á árinu 1985?  
Óskað er eftir að fram komi hvaða breytingar verði á fjölda lánveitinga og upphæð í hverjum útlánaflokki fyrir sig frá því sem ráð var fyrir gert í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985, svo og hvort þessi ákvörðun muni hafa áhrif á afgreiðslufrest útlána úr byggingarsjóðunum.
2. Hve margar umsóknir liggja nú fyrir um lán í hverjum útlánaflokki fyrir sig hjá Byggingarsjóði ríkisins annars vegar og Byggingarsjóði verkamanna hins vegar?
3. Hvaða reglur munu gilda um þá aðstoð sem veitt verður þeim sem eru í greiðsluferðleikum og hafa fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna á tímabilinu 1. janúar 1981 til desember 1984?